



# 2022

# ÁRSSKÝRSLA



## **Reksturinn**

Það var við frekar erfiðar aðstæður sem við hófum árið 2022. Covid hafði haft mjög mikil áhrif áreksturinn 2021 og hafði mikil áhrif á fyrri hluta árs 2022. Fella varð niður Reykjavík Bridgefestival auk þess sem mikið þurfti að færa til mót. Þátttaka í mótum framan af ári endurspegladist af Covid ástandinu.

Reksturinn var erfiður á árinu en má segja að árangur ársins sé þó mjög viðunandi miðað við öll þau verkefni sem við tókum okkur fyrir hendur.

Töluverður kostnaður fylgdi niðurfellingu á Reykjavík Bridgefestival, enda hafði verið lagt út í nokkurn kostnað.

Launauppgjör var við fyrrverandi framkvæmdastjóra sem lét af störfum eftir farsælt starf.

Seniorar fengu veglegan styrk frá Bridgesambandinu eftir að hafa unnið sér rétt til þátttöku á heimsmeistararmóti eldri spilara á Ítalíu. Greiddi Sambandið öll keppnisgjöld og flugkostnað.

Norðurlandamót var haldið í Kuopio í Finnlandi þar sem við sendum lið í opna flokknum og í kvenna flokknum.

Evrópumót var haldið á Potúgölsku eyjunni Madeira um miðjan júní þar sem vitaskuld

ferðamannatímabilið stóð sem hæst. Á ég mjög erfitt með að skilja ákvörðun

Evrópusambandsins að halda bridgemót af þessari stærðargráðu á ferðamannaeyju á þessum tíma. Við sendum þrjú pör í opna flokknum og 3 pör í kvennaflokk auk þess sem fyrirliðar voru með í för.

Fyrir utan þetta þurftum við að taka þátt í eðlilegu viðhaldi á húsi og sameign Sambandsins auk þess sem nauðsynlegt var að kaupa ýmsan búnað.

## **Bridgeskólinn**

Guðmundur Páll sem hefur séð um Bridgeskólann með frábærum árangri ákvað að minnka við sig og spila meira á árinu. Mun Guðmundur Páll þó sjá um framhaldsnámskeið einu sinni á önn og búa til kennslubækur um bridge.

Tók Bridgesambandið þannig yfir starfsemi Bridgeskólans. Gunnar Björn Helgason tók að sér að halda utan um skólann og hefur Magnús Magnússon og Indu Björnsdóttur sér til aðstoðar.

Ákveðið var að auglýsa námskeiðin töluvert mikið sem skilaði, samhliða aukinni umfjöllun, frábærum Bridgeþáttum í umsjá Björns Þorlákssonar og almennt auknum áhuga á bridge en mikill fjöldi hefur skilað sér í gegnum Bridgeskólann.

### Nýliðabridge

Á árinu 2022 var lagður sá grunnur sem við erum núna að sjá árangur af. Spilakvöld nýliða í umsjá InduBjörnsdóttur hafa heppnast geysivel og mikill fjöldi hefur mætt. Það lúxus vandamál er þó að erfitt er að finna tíma í salnum fyrir allan þennan aukna áhuga á nýliðabridge og Bridgeskólanum.

### Barna og unglिंगastarf

Það er frítt fyrir börn og ungmenni í allt starf Bridgesambandsins. Inda tók að sér að halda utan um barna- og unglिंगastarf Sambandsins. Hefur töluvert af ungum spilurum skilað sér í gegnum barna- og unglिंगastarfið sem og í gegnum Bridgeskólann. En mjög áberandi er að áhugi barna og ungmenna er að aukast á bridge.

Við höfum sett okkur það markmið að taka þátt í alþjóðlegum verkefnum með unglिंगalandsliðið okkar á árinu 2025.

### Auglýsingar

Við fórum í samstarf við Hringbraut um gerð sjónvarpsþáttanna “Bridge fyrir alla” í umsjón Björns Þorlákssonar. Er skemmst frá því að segja á þættirnir slógu í gegn, enda mjög vandaðir. Skemmtilegt er að segja frá því að ákveðið var að halda samstarfi áfram við Björn og koma nýjir þættir til sýninga næsta haust á nýjum vettvangi.

Við höfum verið mjög dugleg að senda út fréttatilkynningar og fylgja eftir með símtölum á fjölmiðla. Í þeim heimi sem við búum í gerist ekkert af sjálfu sér og þarf að búa til skemmtilega og áhugaverða vinkla til að kveikja áhuga fjölmiðla. Allt hjálpast þetta þó að, aukinn áhugi um bridge skilar sér í aukinni umræðu og auðveldara aðgengi að fjölmiðlum.

Við höfum einnig eft til muna auglýsingar okkar á samfélagsmiðlum, þannig höfum við verið mjög áberandi með okkar efni á Facebook og Instagram.

### **Bridge í framhaldsskóla**

Á árinu 2022 hófum við vegferð með framhaldsskólanum í Mosfellsbæ þar sem Bridgesambandið tekur að sér að kenna bridge miðlægt. Þannig er hægt að fá nemendur úr mörgum skólum á meðan verið er að byggja upp námið. Ljóst er að verkefnið er að fara vel af stað og kann ég Valgarði skólameistara í Mosó bestu þakkir fyrir alla aðstoðina.

Það er þó mikilvægt að gera sér grein fyrir að þetta er langtímaverkefni, mikilvægast er að ná að gera þetta vel og byggja upp til framtíðar. Gott væri að fara inn í alla þá skóla sem munu taka þátt í þessu verkefni með okkur með kynningar fyrir nemendur.

### **Búnaður**

Við höfum fjárfest í bridgebúnaði á árinu en þó allt of lítið miðað við þörf. Við tókum í notkun dealer 4 plús sem notar hugbúnaðinn big deal sem er einn besti hugbúnaður sem til er í heiminum í bridge. Áður höfum við notað vélar sem voru komnar mjög til ára sinna og voru barn síns tíma. Þær vélar höfum við svo notað til vara þegar á þarf að halda. Nú er ekki neinn aðili sem getur þjónustað þær vélar lengur og því stutt í að þær séu ónothæfar. Það er því mikilvægt að huga að kaupum á annarri gjafavél, en slík vél kostar tæplega milljón hingað komin. Svo ljóst er það er mikil fjárfesting.

Einnig þurfum við að færa okkur með tíð og tíma í að nota þá bakka sem notaðir eru í alþjóðlegum bridge í dag. Slík endurnýjun er þó dýr og ljóst að fjárafla þyrfti sérstaklega fyrir slíku. Við náðum að kaupa búnað frá Danmörku á mjög góðum kjörum sem gerir okkur kleift að bæta þjónustuna þegar kemur að spilagjöf.

Eins þyrftum við að vera ennþá duglegri að skipta út búnaði, spilum, sagnboxum og sagnakortum. Það er mjög mikið slit á þessum vörum og mikill kostnaður við útskiptingar en þyrfti þó að vera mun meiri.

### **Húsnæði**

Við höfum farið í allt nauðsynlegt viðhald á húsnæðinu okkar, en það eru þó ýmis verkefni sem blasa við.

Í okkar aðstöðu þarf fljótlega að skipta út gluggatjöldum, skipta út öllum ljósum, laga ofna, kaupa uppþvottavél, endurnýja búnað í eldhúsi og margt margt fleira. Sameignin er líka dýr þó við hefðum farið í að mála alla sameignina, glugga, hurðir og þrifa upp dúk.

Húsnæðið að utan er þannig að það er ekki langt í að ráðast þarf í framkvæmdir. Einnig má velta fyrir sér hvort húsnæðið henti að öllu leiti, mun hentugra væri að vera á jarðhæð, hafa betra aðgengi að bílastæðum auk þess sem umferð í kringum Síðumúla er með þeim hætti að langan tíma tekur að komast til og frá Síðumúla á álagstímum.

### **Starf framkvæmdastjóra**

Það er vel hægt að segja að við séum með bensínið í botni þessa stundina. Við eigum í fullu fangi með að ná að halda utan um allt það sem við erum að gera. Við reynum að gera okkar besta og ég held að það sé tekið eftir því hvað við erum að gera góða hluti með þá góðu vöru sem bridge er.

Eins og staðan er núna þurfum við að ná utan um allt sem við erum að gera. Og við þurfum hjálp, það vantar fleiri sem geta tekið að sér afmörkuð verkefni og það vantar mjög mikið að finna fleiri fyrirtæki sem eru tilbúin í samstarf með okkur. Því leitum við til bridgespilara að leggjast á árarnar með okkur og skoða hvort einhverjir hafa tengsl inn í fyrirtæki sem væri til í að styrkja okkur, fara í samstarf með mót eða bara hvað sem er. Þetta er eitt mikilvægasta verkefnið sem er framundan. Það verður að styrkja rekstrargrunn sambandsins.

### **Þakkir**

Ég vill þakka stjórn fyrir gott samstarf á árinu. Það var margt sem gekk vel, framtíðin er björt ef við höldum okkar striki.

Ég vil að lokum minnst fyrirverandi framkvæmdastjóra Ólafar Þorsteinsdóttur sem féll frá í lok árs 2022 en hún lét af störfum í mars sama ár eftir farsælt starf.

## Mótamál

### Iceland Online Bridge open 2022

Eftir að nýjar Covid reglur tóku gildi í janúar var ljóst að útilokað var að halda Reykjavík Bridgefestival. Farin var sú leið að halda netmót á Realbridge til að koma í stað Reykjavík Bridgefestival. Spiluð var sveitakeppni og tvímenningur sem heppnaðist mjög vel.

Í sveitakeppni spiluðu í undanúrslitum:

The Crazies – Málning 70-64

Helmax – Norway Juniors 64-81

Til úrslita spiluðu svo:

The Crazies- Norway Juniors 106-119, en í sveit Norway Juniors spiluðu Christian Bakke, Tor Eivind Grude, Stian Evenstad og Nicolai Heiberg.

Í tvímenning var skipt upp í a úrslit og b úrslit eftir árangur í undankeppni.

#### A úrslit

1. Jan Petter Svendsen-Arve Farstad 57,7%
2. Páll Bergsson-Jón Guðmar Jónsson 57,5%
3. Hakon O Kippe-Kristoffer Hegge Berg 56,43%
4. Rosemary Shaw-Mark Shaw 56,24%
5. Kare Bogö- Steffen Simonsen 54,97%
6. Andrew McIntosh- Sara Moran 53,61%

#### B úrslit

1. Rachael Moller-David Gurvich 62,99%
2. Vignir Hauksson-Helgi Bogason 55,02%
3. Óttar Ármannsson-Víðir Jónsson 55,02%

4. Símon Sveinsson-Karl Þ. Björnsson 54,66%
5. Guðný Guðjónsdóttir-Þorgerður Jónsdóttir 53,92%
6. Ólafur Þ. Jóhannsson-Pétur Sigurðsson 53,8%

#### Íslandsmót í paratvímenning

María Haraldsdóttir Bender og Stefán Stefánsson urðu Íslandsmeistarar í Paratvímenning með 56.38% skor. Í öðru sæti urðu Dagbjört Hannesdóttir og Birkir Jón Jónsson með 55,44% skor og í því þriðja þau Ljósbrá Baldursdóttir og Matthías Þorvaldsson með 54.97% skor. Spilað var 18. og 19. febrúar og mættu 19 pör til leiks.



#### 1. deild 2021, úrslit spiluð 2022 vegna Covid

Í undanúrslitum í 1. deild sem spiluð var 5. og 6. mars sigraði sveit Grant Thornton sveit Doktorsins og í hinum undanúrslitaleiknum sigraði sveit InfoCapital sveit SFG.



Sveit Grant Thornton varð deildarmeistari í 1. deild, eftir hörku rimmu við sveit InfoCapital. Spiluð voru 64 spil og að þeim loknum var munurinn aðeins 3 ímpar í vel spiluðum leik. Í sveit Grant Thornton spiluðu Stefán Stefánsson, Sveinn Rúnar Eiríksson, Hrannar Erlingsson, Magnús Magnússon og Guðmundur Snorrason.

#### 2.deild 2021, úrslit spiluð 2022 vegna Covid

Helgina 5. og 6. mars var einnig spilað í 2. deild, þá náðu Betri Frakkar - seníorar sigri en sveit Herakles var mjög skammt að baki þeim í 2. sæti. En 7 sveitir spiluðu í 2. deild að þessu sinni. Í sveit Betri Frakkar – seníorar spiluðu Björn Eysteinnsson, Guðmundur Sv. Hermannsson, Haukur Ingason, Ragnar Magnússon, Birkir Jón Jónsson og Þorlákur Jónsson.





### Undanúrslit í sveitakeppni

Sveit Grant Thornton var efst í undanúrslitum sem fóru fram helgina 18.-20. mars á Hótel Natura. Mótið var æsispennandi og gekk öll framkvæmd mjög vel. 12 efstu sveitirnar komust í úrslit og voru sveitir að detta inn og út úr úrslitum alveg fram á síðasta spil.

Sveit Grant Thornton var efst í undanúrslitum með 162.19 stig, sveit Hótel Norðurljósa í 2. sæti með 155.40 stig og í 3. sæti var sveit Birkis Jóns Jónssonar með 154.16 stig.

Virkilega létt var yfir öllum og mikil stemming meðal spilara.

23 sveitir mættu til leiks en ljóst var að Covid hafði mikil áhrif. Þannig voru nokkrar sveitir að detta út daginn fyrir mót vegna smita. Spilað var Monrad fyrirkomulag sem gerði mótið mjög spennandi og var mikið um jafna leiki.

### Íslandsmótið í sveitakeppni kvenna

Sveit Ljósbrár vann Íslandsmót kvenna í sveitakeppni. Sveitin hafði töluverða yfirburði og leiddi allt mótið.

Lokastaðan var eftirfarandi:

1. Sveit Ljósbrár með 138.25 stig
2. Kaktus með 120.23 stig
3. Adessa með 116.86 stig
4. Pálmatré ehf. með 112.06 stig
5. Austur - Vestur með 78.15 stig
6. Norður - Suður með 34.45 stig

Í sveit Ljósbrár spiluðu Ljósbrá Baldursdóttir, Hjördís Sigurjónsdóttir, Anna Ívarsdóttir og Guðrún Óskarsdóttir.



## Íslandsmót í sveitakeppni, úrslit

Raðkeppni Íslandsmótsins í bridge endaði með mjög litlum mun efstu sveita. Keppt var um fjögur efstu sætin sem gáfu sæti í undanúrslitum.

Fjórar efstu sveitirnar voru Hótel Norðurljós (141,00), Grant Thornton (138,17), Málning (137,83) og núverandi Íslandsmeistarar J.E.Skjanni (137,66). Sveit InfoCapital þurfti að sætta sig við fimmta sætið með 137,13 stig.



Minni gat munurinn varla orðið. Sveit Birkis J. Jónssonar endaði í sjötta sæti með 129,31 stig. Tólf sveitir spiluðu í raðkeppninni sem spiluð var 21.-23. apríl í Versölum í Þorlákshöfn.

Fjórar efstu sveitirnar spiluðu svo til úrslita. Sveitirnar tóku með sér stigin úr raðkeppninni og þar stóð sveit Hótel Norðurljósa best.

Spilaðar voru þrjár umferðir, 16 spila leikir og allar fjórar efstu sveitirnar spiluðu innbyrðis. Sveit Grant Thornton gekk ágætlega í fyrstu tveimur leikjunum og var staðan nánast jöfn þegar Hótel Norðurljós og Grant Thornton mættust. Mjög líklegt mátti telja að sú sveit sem ynni leikinn í innbyrðis viðureign þeirra yrði Íslandsmeistari í sveitakeppni 2022.

Sveit Hótel Norðurljósa gerði leikinn aldrei spennandi. Þeir voru með töluverða forystu megnið af leiknum og unnu leikinn 42-14 í ímpum og 16,42-3,58 í vinningsstigum. Sveit Hótel Norðurljósa endaði með 185,55 stig og Grant Thornton náði öðru sætinu með 168,28 stig. Sveit Málningar endaði í þriðja sæti með 163,57 stig.

Einn leikur var alltaf sýndur á netinu á BBO (Bridgebase Online).

Spilarar í sveit Hótel Norðurljósa voru fimm talsins; Hermann Friðriksson, Gunnlaugur Sævarsson, Hlynur Angantýsson, Karl Grétar Karlsson og Kristján Már Gunnarsson.

### Árshátíð kvenna

Glæsileg árshátíð kvenna var haldin í byrjun mars, en árshátíð kvenna er haldin hátíðlega á hverju ári. Eins og vanalega var aðsóknin góð, 32 pör mættu til leiks. Árshátíðin var haldin á Hótel Íslandi. Að venju var snæddur góður matur og haldinn tvímenningur. Sigurinn í þeim tvímenningi kom í hlut landsliðsparsins Maríu Haraldsdóttur Bender og Hörpu Foldar Ingólfssdóttur sem skoruðu 61,67% að meðaltali í spili. Annað sætið kom í hlut Guðrúnar Jørgensen og „Aðalheiðar Jørgensen“ (Aðalsteinn Jørgensen) sem komu rétt á hæla þeirra með 61,48% skori. Mjög skammt á eftir þeim voru Svala Pálsdóttir og Dagbjört Hannesdóttir með 61,30% skor. Kristján B. Snorrason skemmti gestum með nikkuleik, eins og oft áður, við mjög góðar undirtektir. Ljóst var að konurnar skemmtu sér vel á þessu glæsilega kvöldi.

### Kjördæmamót

Norðurland eystra vann ótrúlegan yfirburðarsigur á kjördæmamótinu sem spilað var á Akureyri 21.-22. maí. Sveitin vann með meira en 120 stiga mun sem hlýtur að vera nálægt því að vera met. Til marks um yfirburði Norðurlands eystra voru allar fjórar sveitirnar á topp 5 yfir stigahæstu sveitirnar.

Mótið var vel heppnað í alla staði og var mikil ánægja með framkvæmd mótsins. Eins var létt stemning meðal spillara.

Úrslitin urðu:

Norðurland  
eystra með  
425,46 stig

Reykjanes með  
302,25 stig

Vestfirðir með  
271,81 stig

Norðurland  
vestra með  
269,12 stig



Suðurland með 266,82 stig

Reykjavík með 266,19 stig

Austurland með 248,90 stig

Vesturland með 189,45 stig

### **Sumarbridge**

Ákveðið var að spila á föstudögum og miðvikudögum í sumarbridge. Eftir netkosningu var ákveðið að skipta mánudögum út fyrir föstudaga. Mjög góð mæting var á miðvikudögum allt sumarið en mun síðri á föstudögum og ljóst að gera þarf breytingar á skipulaginu.

Lokamót Sumarbridge var haldið 9. september þar sem 20 pör mættu til leiks. Sigrúðu þeir Sigurður Páll Steindórsson og Ómar Freyr Ómarsson með 58,73% skor. Í öðru sæti urðu þeir Gunnar B. Helgason og Einar Jónsson með 58,13% og í þriðja sæti urðu þeir Snorri Karlsson og Hrannar Erlingsson með 56,94% skor.



### **Bikarinn**

Bikarkeppnin var spiluð yfir sumarið. Voru margir skemmtilegir leikir og er þetta vel heppnað form. Í undanúrslitum vann sveit Grant Thornton sveit J.E. Skjanna ehf 96-89 eftir jafnan og spennandi leik. Í hinum undanúrslitaleiknum vann sveit SFG sigur á sveit Formannsins 147-106.

Í leiknum um 1. sæti vann Grant Thornton afgerandi sigur á sveit SFG 156-58.

Í sveit Grant Thornton spiluðu þeir Magnús Magnússon, Hrannar Erlingsson, Guðmundur Snorrason, Stefán Stefánsson og Sveinn Rúnar Eiríksson.



### Minningarmót Skúla Sveinssonar

Í lok ágúst fór fram minningarmót um Skúla Sveinsson á Borgarfirði eystri. Óhætt er að segja að virkilega vel hafi verið staðið að mótinu og mjög mikil ánægja var hjá spílurum.

Formleg dagskrá hófst á föstudeginum með upphitunartvímennning um kvöldið eftir að spilarar höfðu borðað á kótilettuhlaðborði á veitingastaðnum Já Sæll þar sem Skúli var einn eiganda.

Úrslitin í upphitunartvímennningnum urðu eftirfarandi:

Jóhanna Gísladóttir og Vigfús Vigfússon 62,96%

Ingimundur Jónsson og Anna Heiða Baldursdóttir 59,05%

Jón Halldór Guðmundsson og Einar H. Guðmundsson 57,82%



Á laugardeginum hófst sjálft minningarmótið þar sem spiluð voru 48 spil á Álfacafé.

Mótið var afar skemmtilegt og gekk vel fyrir sig. Spilarar voru jákvæðir og stemmningin á

mótinu virkilega góð. Alltaf var þó mesta fjörið á borðinu sem Ingimundur og Anna Heiða voru að spila á. Veitingar yfir daginn voru heldur ekki af verri endanum; Fiskisúpa Kalla Sveins í hádeginu og brauð og kökur í kaffihléi.

Úrslitin í minningarmóti Skúla Sveinssonar urðu:

Matthías Imsland og Gunnar Björn Helgason með 62,71%

Eiður Már Júlíusson og Júlíus Snorrason með 57,34%

Ásta Sigurðardóttir, Valgerður Eiríksdóttir og Gróa Eiðsdóttir með 54,9%

Kári B Ásgrímsson og Elvar Hjaltason með 54,76%

Sigurður Skagfjörð og Þórður Sigurðsson með 54,39%

Bjarni H. Einarsson og Sigurjón Stefánsson með 53,61%

Bjarni Sveinsson og Bjarni Ágúst Sveinsson með 53,6%

Torfi Jónsson og Þorsteinn Bergsson með 52,19%

Að spilamennsku lokinni var gengið um Borgarfjörð með leiðsögn og helstu staðir skoðaðir sem sumir hverjir tengjast Skúla á einn eða annan hátt.

Um kvöldið var verðlaunaafhending og voru ótal skemmtilegir vinningar dregnir út.

Mótið heppnaðist ákaflega vel og eiga Hallveig, Eyþór og Siggí ásamt öðrum sem sáu um skipulagningu mótsins mikið hrós skilið. Var það mál manna að þetta mót yrði að verða árlegur viðburður héðan í frá.

### **Northern Lights Bridge Festival**

Northern Lights Bridge Festival sem er haldið af Bridgefélagi Siglufjarðar fór af stað með tvímenning 2.-4. september og mættu 52 pör til leiks. Mótið er minningarmót um Gunnar Birgisson.

Anton Haraldsson og Guðmundur Halldórsson tóku snemma forystuna og enduðu sem sigurvegarar. En efstu þör urðu:



Anton Haraldsson-  
Guðmundur Halldórsson með  
62,81%

Aðalsteinn Jörgensen-Bjarni  
H. Einarsson með 60,37%

Sævar Þorbjörnsson-Karl  
Sigurhjartarson með 56,74%

Helgi Sigurðsson-Gísli  
Steingrímsson með 56,41%

Sigurbjörn Haraldsson-Birkir  
Jón Jónsson með 56,03%

Vinningur fyrir fyrsta sæti var mjög veglegur eða 500 þúsund, 320 þúsund fyrir annað sæti og 190 þúsund fyrir þriðja sæti. Líka upphæðir á næstu síðu, ekki samræmi??

Í sveitakeppninni varð sveit Sessor í fyrsta sæti með 128.50 stig, en í sveitinni spiluðu Hrannar Erlingsson-Gunnar B. Helgason-Egill D. Brynjólfsson-Ari Konráðsson. Var sveitin í sjöunda sæti eftir fyrri daginn en átti frábæran dag og unnu að lokum góðan sigur.

Í öðru sæti varð sveit Íslensk Landbúnaðar með 119,62 stig en í sveitinni spiluðu Höskuldur Gunnarsson-Gunnar Þ. Gunnarsson-Björn Snorrason-Pálmi Kristmannsson. Sveitin var í toppbaráttu allan tímann.

Í þriðja sæti varð svo sveit Myllunnar með 118,49 stig en í þeirri sveit spiluðu Helgi Sigurðsson-Gísli Steingrímsson-Haukur Ingason-Skafti Jónsson.

Mótið var mjög glæsilegt í alla staði, öll umgjörð til fyrirmyndar og frábær verðlaun. En sigursveitin fékk 750 þúsund í verðlaun, sveit Íslensk Landbúnaðar 500 þúsund og Myllan 190 þúsund.



Er óhætt að segja að úrslitin hafi verið óvænt en þær sveitir sem höfðu fyrirfram verið taldar sigurstranglegastar röðuðu sér í sæti fjögur til átta. En það voru sveitir Lögfræðistofu Íslands ehf, J.E.Skjanna ehf, Hótel Norðurljósa, Jóns Baldurssonar og Grant Thornton.

### Íslandsmót eldri spilara í sveitakeppni

Það var mikil spennan í síðustu umferð á Íslandsmóti eldri spilara. Spilað var 19. október og mættu 8 sveitir til leiks. ÞEJ fasteignir ehf voru í öðru sæti fyrir síðustu umferð en áttu góðan lokaleik og unnu mótið með frábærum endaspretti.

ML sveitin vann 70 ára plús flokkinn nánast á síðasta spili og fóru upp fyrir sveitina hans Ragnars.



Úrslit efstu sveita:

1. ÞEJ fasteignir ehf 100,9 stig
2. Stóru strákarnir og stelpan 99,04 stig
3. Silfurrefir 73,42 stig

Í sigursveitinni spiluðu Aðalsteinn Jörgensen, Sverrir G Ármannsson, Þórir Sigursteinsson og Hrólfur Hjaltason.

### Íslandsmót eldri spilara í tvímenning

Íslandsmót eldri spilara var haldið 20. október og mættu 20 pör til leiks. Í efsta sæti urðu Aðalsteinn Jörgensen og Sverrir G Ármannsson með 61.85% skor, í öðru sæti urðu þeir Sigmundur Stefánsson og





Baldur Kristjánsson með 58.57% skor og í því þriðja þeir Guðlaugur Bessason og Guðmundur Skúlason með 55,54% skor.

### Íslandsmót kvenna í tvímenning

Þær María Bender og Harpa Fold unnu Íslandsmót kvenna í tvímenning sem var spilað 14.-15. október. Þær tóku forystu strax á laugardagsmorgni og héldu henni til loka. Þær Ingibjörg Guðmundsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir urðu í öðru sæti. Í þriðja sæti urðu svo Guðný Guðjónsdóttir og Rosemary Shaw eftir spennandi baráttu.

Mótið heppnaðist mjög vel í alla staði, var vel spilað og skemmtilegt.

Efstu þör urðu eftirfarandi:

Harpa Fold Ingólfssdóttir og María Haraldsdóttir Bender með 59,89% skor

Ingibjörg Guðmundsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir með 57,78% skor

Guðný Guðjónsdóttir og Rosemary Shaw með 53,56% skor



Auk þess fengu aukaverðlaun fyrir sigur í einstökum lotum þær

Anna Guðlaug Níelsen og Helga Helena Sturlaugsdóttir

Ingibjörg Halldórsdóttir og Ólög Thorarensen

Arngunnur Jónsdóttir og Alda Guðnadóttir

### 1.deild 2022

1. deildin var spiluð í deildarkeppni Bridgesambands Íslands helgina 22.-23. október. Fjórar efstu sveitirnar spiluðu síðan til úrslita 19.-20. nóvember en sömu helgi var 2. deildin einnig spiluð.

Fjórar neðstu sveitirnar úr 1. deildinni spiluðu í 2. deild og gátu unnið sér aftur inn réttinn til að spila í efstu deild.

Úrslitin úr 1. deild urðu eftirfarandi:

1. Grant Thornton 131,38 stig
2. Betri Frakkar 119,47 stig
3. Tick Cad 115,63 stig
4. Info Capital 99,07 stig

Í undanúrslitum spiluðu Info Capital og Betri Frakkar og unnu Info Capital öruggan sigur. Á sama tíma vann Grant Thornton öruggan sigur á Tick Cad.

Það var alvöru úrslitaleikur milli InfoCapital og Grant Thornton. Grant Thornton byrjaði með 16 impa í carryover vegna sigurs gegn InfoCapital í raðkeppninni.

InfoCapital náði stórum sigri í fyrstu lotu en Grant Thornton náði að saxa á forystu InfoCapital jafnt og þétt. Spennan í fjórðu lotu var mikil. InfoCapital hafði fengið 8 impa í sekt frá keppnisstjóra þar sem einn spilara mætti of seint á keppnisstað. En að lokum náði InfoCapital að tryggja sér sigur 140-128.

Betri Frakkar unnu svo Tick Cad naumlega í leik um þriðja sæti.

Í sveit Info Capital spiluðu þeir Matthías Þorvaldsson, Birkir Jón Jónsson, Sigurbjörn Haraldsson, Bjarni Einarsson og Jón Baldursson.



## **2. deild**

Sömu helgi og úrslitin voru spiluð í 1. deild var 2. deild spiluð. Í 2. deild áttust við 14 sveitir um 4 laus pláss í 1. deild.

Úrslitin voru eftirfarandi:

Doktorinn 102,03 stig

Doblaðir stubbar upp í geim 89,53 stig

Kjaran Gólfbúnaður 88,89 stig

Það er þó sveit Formannsins sem fer upp í 1.deild þar sem sveit Kjaran gólfbúnaðar hafði þegar tryggt sér sæti í 1.deild og spilaði því sem gestasveit. Rangæingar þurftu þó einungis 0,19 stig til að slá út Formanninn.

### **Þorsteinsmótið**

Þorsteinsmótið var haldið 26. nóvember í Logalandi í Borgarfirði. Uppselt var á mótið og komust því ekki allir að sem vildu. Mótið var mjög glæsilegt í alla staði.

Úrslit urðu eftirfarandi:

Hallgrímur Rögnvaldsson - Guðmundur Ólafsson 63.62%

Björn Snorrason - Höskuldur Gunnarsson 62.18%

Bernódus Kristinsson - Ómar Óskarsson 58.17%



### **Íslandsmótið í parasveitakeppni**

Íslandsmótið í parasveitakeppni var haldið 3.-4. desember. 15 sveitir mættu til leiks en sveit Ljósbrár vann nokkuð öruggan sigur.

Úrslit urðu eftirfarandi:

Ljósbrá með 96.60 stig, en í sveitinni spiluðu  
Ljósbrá Baldursdóttir - Matthías Þorvaldsson -  
Hjördís Sigurjónsdóttir - Kristján Blöndal

Embla með 87.16 stig, en í sveit Emblu spiluðu  
Dagbjört Hannesdóttir - Birkir Jón Jónsson - Svala  
K Pálsdóttir - Aðalsteinn Jörgensen

Tekt ehf með 83.77 stig en í henni spiluðu Anna  
Guðlaug Nielsen - Aron Þorfinnsson - Helga  
Helena Sturlausdóttir - Hermann Friðriksson



### **Jólamót**

Það er ljóst að áhugi bridgespilara var í hámarki þegar jólamót voru spiluð. Víða voru spiluð mót, var meðal annars fullt úr úr dyrum á jólamóti BH og einnig þegar BR hélt sitt jólamót. Einnig voru meðal annars spiluð jólamót í Norðurljósaklúbbnum, á Akureyri, á Akranesi og hjá Rangæingum.

### **Landsliðsmál**

Það voru mörg verkefni á árinu 2022, verkefni sem voru bæði flókin og dýr fyrir sambandið sem komu í kjölfarið af mjög erfiðu rekstrarári og Covid áhrifum.

### **Seniorar**

Eftir að Ísland hafði tryggt sér þátttökurétt á heimsmeistaramótinu var haldið til Salsomaggiore Terme á Ítalíu 27. mars til 9. apríl. Spilað var um d'Orsi bikarinn.

Ísland vann stórsigur á Frökkum í lokaleiknum 18,09-1,91 en það dugði ekki til þar sem Búlgaría og USA2 unnu stórsigra á sama tíma. Íslenska liðið endaði í 9.sæti, aðeins einu sæti frá því að komast í úrslit. Stóð íslenska liðið sig nokkuð vel þrátt fyrir að komast ekki áfram.

Lokastaða varð eftirfarandi

1	USA 1	324.09
2	Danmörk	287.64
3	Pólland	279.94
4	Frakkland	275.74
5	Indland	268.35
6	Svíþjóð	267.89
7	USA 2	263.36
8	Búlgaría	259.89
9	Ísland	253.45

Fyrir Ísland spiluðu Ásgeir Ásbjörnsson, Björn Eysteinnsson, Guðmundur Sv. Hermannsson, Haukur Ingason, Þorlákur Jónsson, Aðalsteinn Jörgensen, auk þess sem Júlíus Sigurjónsson fór út með liðinu.

### **Norðurlandamót**

Norðurlandamótið 2022 var spilað í Kuopio í Finnlandi 26.-30. maí og voru send lið í kvennaflokki og í opna flokki.

Í kvennaflokki spiluðu þær María Haraldsdóttir Bender, Harpa Fold Ingólfssdóttir, Anna Guðlaug Nielsen og Helga Helena Sturlaugsdóttir. Anna Guðrún Ívarsdóttir var fyrirliði. Vel gekk á mótinu til að byrja með en erfiðar lokaumferðir komu í veg fyrir að Ísland gerði atögu að fyrsta sæti. Niðurstaðan var þó þriðja sæti sem verður að teljast viðunandi árangur.

En úrslit urðu eftirfarandi

1. sæti með 122,76 stig Finnland
2. sæti með 107,27 stig Svíþjóð
3. sæti með 92,18 stig Ísland
4. sæti með 88,12 stig Noregur
5. sæti með 88,12 stig Danmörk
6. sæti með 104,58 stig B-lið Finnlands

Í opna flokknum spiluðu þeir Ómar Olgeirsson, Stefán Jóhannsson, Hrannar Erlingsson og Sverrir Kristinsson. Auk þess sem Matthías Imsland framkvæmdastjóri sem tók þátt í fundum norræna sambandsins var þeim til aðstoðar.

Skemmst er frá því að segja að mjög illa gekk á mótinu og varð liðið í neðsta sæti þrátt fyrir að væntingar hafi verið töluverðar fyrir mótið.

Úrslit urðu eftirfarandi:

1. sæti með 130,54 stig Danmörk
2. sæti með 119,49 stig Noregur
3. sæti með 108,60 stig Svíþjóð
4. sæti með 95,82 stig Færeyjar
5. sæti með 85,83 stig Finnland
6. sæti með 57,72 stig Ísland

### **Evrópumót**

Evrópumótið var haldið á Madeira í Portúgal 12. til 22. júní 2022. Vakti það furðu að haldið væri mót sem þetta á ferðamannastað á nánast háannatíma.

Í kvennaliðinu spiluðu þær Alda Guðnadóttir, María Haraldsdóttir, Harpa Fold Ingólfssdóttir, Arngunnur Jónsdóttir, Anna Guðlaug Nilsen og Helga Sturlaugsdóttir. Fór Gunnar Björn Helgason með þeim sem fyrirliði. Liðið endaði í 16. sæti.

Í opna flokknum spiluðu þeir Sveinn Rúnar Eiríksson, Guðmundur Snorrason, Birkir Jón Jónsson, Ragnar Magnússon, Snorri Karlsson og Júlíus Sigurjónsson. Auk þess fór Gunnlaugur Karlsson með liðinu sem fyrirliði. Liðið endaði í 26. sæti.

### **Næstu skref Opni flokkur**

Jón Baldursson var ráðinn til að stýra landsliði Íslands í opna flokknum í bridge. Sett hefur verið upp 4 ára áætlun þar sem markmiðið er að Ísland verði meðal fremstu þjóða í bridge á sama tíma og byggt verður til framtíðar.

Jón Baldursson þarf vart að kynna fyrir íslensku bridgeáhugafólki, enda fremsti bridgespilari Íslands fyrr og síðar. Hann hefur oftast allra orðið Íslandsmeistari í sveitakeppni í bridge eða 15 sinnum og Íslandsmeistari í tvímenningskeppni 6 sinnum. Hann varð Norðurlandameistari 1988, 1994, 2013, 2015 og 2019.

Jón á að baki um 600 landsleiki fyrir Íslands hönd. Hann vann Generali master, óopinbera heimsmeistarakeppni í einmenningi árið 1994, vann Transnational sveitakeppni, heimsmeistarakeppni í blönduðum flokki árið 1996 og hefur tvisvar orðið Norður-Ameríkumeistari. Hann varð heimsmeistari í bridge er íslenska sveitin vann Bermuda Bowl, eða heimsmeistaratitilinn í bridge árið 1991 í Yokohama. Jón Baldursson er í "Hall of Fame" Evrópska Bridgesambandsins.

### **Næstu skref Kvenna flokkur**

Anna Ívarsdóttir var ráðin til að stýra landsliði Íslands í kvennaflokki. Anna er margfaldur Íslandsmeistari í sveitakeppni og tvímennungi kvenna og hefur einnig unnið Íslandsmót í paratvímennungi og parasveitakeppni.

Það er mikill fengur að Anna sé tilbúin að gefa sig í þetta verkefni fyrir Bridgesambandið og eru miklar vonir bundnar við hennar störf.

### **Minningargjöf um Sigurð Sverrisson**

Einar Gudjohnsen hefur ákveðið að styrkja opna landsliðsflokkinn í bridge veglega næstu 4 árin til minningar um Sigurð Sverrisson, einn besta bridgespilara sem Ísland hefur átt. Þökkum við Einari kærlega fyrir frábæran stuðning sem á eftir að stórefla alla umgjörð landsliðsins.

### Unglingalandslið

Tilkynnt var um ráðningu Indu Björnsdóttur sem ungingalandsliðsþjálfara og hefur starfið farið á fullt á þessu ári.